

Mótanefnd KSÍ

Reykjavík, 3. febrúar 2020.

Efni: Athugasemdir mótanefndar KSÍ vegna lagabreytingartillögu um fjölgun félaga í Pepsi Max deild karla.

Mótanefnd KSÍ telur rétt að koma fram eftirfarandi viðbótarupplýsingum:

Pepsi Max deild karla er í dag skipuð 12 liðum, sem gerir 22 leikumferðir með 132 leikjum. Leikið er frá 22. apríl og til 28. september.

Félögin í Pepsi Max deild karla koma inn í 32-liða úrslit Mjókurbikarsins þann 27. apríl. Úrslitaleikur Mjókurbikarsins er svo 2. – 3. október.

Við að fjölga liðum um tvö lið, þ.e. úr 12 liðum í 14 lið þýðir að leikumferðir verða 26 með 182 leikjum. Leikjum fjölga þar með um 38%.

Ofangreindar dagsetningar marka upphaf og endi mótanna hjá liðunum í Pepsi Max deild karla. Ljóst er að leika þyrfti 4 umferðir utan núverandi keppnistímabils. Byrja þarf því mótið fyrr eða enda seinna. Í þessu samhengi þarf að hafa í huga að landsleikjahlé eru m.a. í tvær vikur í mars/apríl og í byrjun október.

Þó það sé ekki beint hlutverk mótanefndar, þá telur nefndin að það þurfi að ræða aðra hluti sem tengjast fjölgun leikja og lengingar keppnistímabilsins svo sem; mannvirkjamál m.t.t. leyfiskerfisins, dómaramál, kostnaðaraukningu og ýmis önnur mál.

Með kveðju,

Mótanefnd KSÍ